

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hið Norðlenzka Styrjufjelag ehf. Ólafsfirði



Dags eftirlits	2.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hið Norðlenzka Styrjufjelag ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Pálsbergsgötu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5910210790	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Eyþór Eyjólfsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu er varða að öryggisblöð voru ekki til staðar og skil á ársyfirliti og umhverfisupplýsingum voru ekki innan tímamarka. Ein ábending var sett fram um að setja þarf lekabyttu undir lýsisgeyma.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Hins Norðlenzka Styrjufelags, Ólafsfirði. Fiskeldisstöðin er landeldisstöð með leyfi fyrir eldi á styrjum, bæði matfisk og seiðum. Heimilt er að ala allt að 20 t lífmassa af matfisk í stöðinni á hverjum tíma, en 1 t lífmassa ef stöðin er notuð til seiðaeldis. Starfsleyfið gildir til 31. mars 2038.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlunarir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Umgengni og aðkoma
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á þær skyldur sem þar koma fram. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2022, en fimm ábendingar voru settar fram er varða uppfærslu á neyðaráætlun og áætlun um meðhöndlun úrgangs, setningu umhverfismarkmiða og áhættumats og viðbragðsáætlunar v. hættu á mengun hafs og stranda og að gjaldmiðil vantar á tryggingaskírteini v. bráðamengunar hafs og stranda. Brugðist hefur verið við öllum ábendingunum.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Allur fullorðni fiskurinn, 130 einstaklingar, alls um 5,2 tonn, voru í einu stóru keri í sal á neðri hæð stöðvarinnar og seiði í tveimur kerjum í öðrum sal. Klak og uppeldi fer fram á efri hæð stöðvarinnar og voru seiði þar, á nokkrum aldursbilum, í mis stórum kerjum. Ekki er um matfiskeldi að ræða heldur eru styrjurnar aldar til margra ára og notaðar til hrogsna- og svilatöku.

Fóðrun fer fram með handfóðrun og fóðururum. Fóðrað er með artemiu fyrstu daga seiðanna en síðan er notað þurrfóður frá Biomar A/S. Styrjan er nú alin í fersku vatni en verður síðar færð yfir í saltvatn. Hitastig vatns er rétt rúmlega 9°C og sýrustigið um 8. Frárennsli stöðvarinnar er leitt í lögnum frá kerjunum og yfir í brunn, inni í eldissalnum og þaðan út í bæjarbeituna.

Daglegar skráningar eru í stöðinni og ekki er sett fram ábending þar um.

Mæla skal efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennlis tvisvar á ári skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. Gerð var mæling þann 6. nóvember sl. Minnt er á að reikna skal út magn fosfórs yfir í kg/tonn lífmassaaukningar við skil á ársyfirliti. Einnig er minnt á að skýrslum þarf að skila til eftirlitsaðila fyrir 1.

maí ár hvert skv. gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi.

Áætlanir sem liggja skulu fyrir skv. starfsleyfi eru aðgengilegar í rekstrarhandbók og eintak af starfsleyfinu var til staðar í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar.

Allur úrgangur er færður á gámasvæði sveitarfélagsins og er lífrænn úrgangur settur í þar til gerðan gám. Flokkun úrgangs er með ágætum. Vistvæn sótthreinisefni eru notuð í stöðinni í litlu magni. Notkun spilliefna og lyfja er gefin upp í ársyfirliti. Engin olía er geymd í stöðinni, en lýsi er geymt á lager og bent er á að setja þarf lekabyttu undir ílátin svo ekki sé hætta á að það berist út í frárennslið. Þrír starfsmenn eru í stöðinni og þjálfun þeirra og þekking á starfseminni með ágætum.

Gengið var um stöðina og aðstæður skoðaðar. Stöðin er snyrtileg á að líta og ekki eru settar fram ábendingar þar um. Stöðin er öll innandyra og er góð aðgangstýring til staðar. Stöðin er höfð læst fyrir óviðkomandi aðilum. Ekki hefur orðið vart við meindýr í stöðinni og er fóður geymt í lokaðri fóðurgeymslu þar sem meindýr komast ekki að.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.10 í starfsleyfi.	Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Öryggisblöð voru ekki til staðar er eftirlitið fór fram og var rekstraraðila bent á að óska eftir þeim hjá söluaðila efnanna. Farið verður yfir aðgengi að öryggisblöðum í næsta eftirliti.
Gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit og umhverfisupplýsingar bárust eftirlitsaðila þann 7. nóvember sl. og er frávíkinu því lokið.

ÁBENDINGAR

Gerð er ábending um að setja þurfi lekabyttu undir lýsisgeyma svo ekki sé hætta á að lýsi berist út í fráreppslið, komi rof á umbúðirnar.

ANNAÐ


Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar. Einnig fylgdi kynning á nýrri gjaldskrá stofnunariðna og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda sem og kynning á breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verður óboðað. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Reykjavík, 08.12.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að veikja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir

